


Ísafjarðarbær  
Jóhann B. Helgason,  
sviðsstjóri  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. mars 2009  
Tilvísun: UST20081200088/ksj

### Aðalskipulag Ísafjarðar 2008 - 2020, drög.

20081200088

Vísað er til erindis sviðsstjóra tæknisviðs Ísafjarðarbæjar sem barst 8. desember 2008 þar sem óskað er umsagnar um drög að aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020.

Umhverfisstofnun telur drög að aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 afar greinargóð og gerir ekki athugasemdir við þau en kemur hér með ábendingum á framfæri.

### Framtíðarbyggingaland


Í umhverfismati er varðar áætlanir um framtíðarbyggingarlönd í Ísafjarðarbæ eru skoðaðir 3 kostir sem nefndir eru Leið I, Leið II og Leið III. Leið I er áætlun um íbúðarbyggð á nýjum landfyllingum, og eru nefndir 3 kostir er varðar landfyllingar. Umhverfisstofnun telur jákvætt að skoða svo margvíslega kosti er varðar uppbyggingu. Umhverfisstofnun bendir um leið á að landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri eru tilkynningaskyldar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, 2. viðauka lið i. Umhverfisstofnun tekur undir að Leið III er umhverfisvænsti kosturinn hvað varðar framtíðaruppbyggingu byggðar og veldur minnstu raski og um leið mest sjálfbær af þeim kostum sem til umfjöllunar eru.


### Útivist, opin svæði og íþróttir

Í töflu 10.2 er listi yfir svæði tengd íþróttum og útivist. Þar er svæði E8 akstursíþróttasvæði í Austmannafjallsnámu á Breiðdalsheiði.

Umhverfisstofnun veur athygli á að samkvæmt 2. viðauka lið a. í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki tilkynningaskyldar framkvæmdir til Skipulagsstofnunar.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

